

Ár 2007, föstudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-151/2007:

Ákærvaldið

*(Karl Gauti Hjaltason sýslumaður)*

gegn

X

*(Kristján Stefánsson hrl.)*

svofelldur:

## **d ó m u r :**

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 24. september s.l., er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, dagsettri 21. mars 2007 á hendur X, „fyrir líkamsárás með því að hafa, laugardaginn 30. júlí 2005 á veitinga- og skemmtistaðnum Prófastinum að Heiðarvegi 3 í Vestmannaeyjum, sparkað í klof B, af miklu afli með þeim afleiðingum að hann missti andann og hneig niður, pissaði blóðlituðu þvagi og hlaut mar á pung, eymsli á hægri eistalyppu og þvagrás.

Ákærvaldið telur brot ákærðu varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og krefst þess að ákærða verði dæmd til refsingar.

Grímur Sigurðsson hdl., gerir f.h. B, kröfu um að ákærðu verði gert að greiða áráspola kr. 352.271,- í skaðabætur auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 30. júlí 2005 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu af refsikröfunni, til vara er gerð sú krafa að ákvörðun um refsingu ákærðu verði frestað skilorðsbundið og til þrautavara er sú krafa gerð að ákærðu verði dæmd vægasta skilorðsbundin refsing sem lög leyfi. Þess er aðallega krafist að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi, til vara að ákærða verði sýknuð af henni og til þrautavara að hún verði lækkuð. Þá gerir verjandi kröfu um greiðslu málsvarnarlauna sér til handa úr ríkissjóði, auk greiðslu ferðakostnaðar.

## Málsatvik:

Laugardaginn 30. júlí 2005 um kl. 15:15 var óskað eftir aðstoð lögreglunnar í Vestmannaeyjum að veitingastaðnum Kaffi Maríu. Við komu þangað sást hvar kærandi, B, sat fyrir utan staðinn og var augljóslega mjög kvalinn. Tjáði hann lögreglunni að stuttu áður hefði ung stúlka, X að nafni er stödd var á veitingastaðnum Prófastinum, sparkað af afli í pung hans og hann hnigið niður þegar hann reyndi að stöðva ósætti unnustu sinnar og framangreindar stúlku. Stuttu síðar hefði hann þurft að kasta af sér þvagi og þá séð að það var blóðlitað. Tjáði hann jafnframt lögreglunni að hann hefði náð að staulast frá veitingastaðnum Prófastinum að Kaffi Maríu þar sem hann hefði óskað eftir aðstoð lögreglu. Í kjölfarið ók lögreglan kæranda á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, þangað sem unnusta hans, E, kom skömmu síðar. Fram kemur í skýrslu lögreglunnar að bæði kærandi og E hafi verið undir áhrifum áfengis og erfitt hafi verið að fá greinargóðan framburð um málsatvik frá þeim.

Í áverkavottorði Guðmundar Vikars Einarssonar, læknis, sérfræðings í þvaggfæraskurðlækningum, kemur fram að kærandi hafi leitað á bráðamóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss að morgni 3. ágúst 2005. Hann hafi náð að kasta 20 ml af þvagi við komu og væri það blóðlitað. Hann sé slæmur af verkjum, aumur á hægri eistalyppu og marinn á pung. Þá sé hann aumur þegar þreifað sé á þvagrás. Hann hafi sögu um króníska blöðruhálskirtilsbólgu. Læknirinn gat ekki fullyrt hver væri orsök blöðmigunnar en ekki væri hægt að útiloka að áverki hefði orsakað hana. Engin merki væru um blæðingu í nýra. Blætt gæti frá þvagrás við högg á pung, en ekki hafi verið ákveðin merki um það. Bólga í eistalyppu gæti komið upp eftir slíkan áverka og með sögu um króníska blöðruhálskirtilsbólgu gæti þetta espast upp við högg.

## *Skýrsla ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærða skýrði svo frá fyrir dómi að smá ósætti hafa komið upp milli sín og vinkonu sinnar E sem kærandi hefði ætlað að stöðva. Hefði kærandi því næst tekið ákærðu hálstaki og ýtt henni upp að vegg. Kvaðst ákærða hafa fengið köfnunartilfinningu og „spriklað“ með þeim afleiðingum að hún hefði óvart sparkað í klof árársarpa. Sagði ákærða kæranda hafa losað um takið í kjölfarið og því næst hefði þeim verið hent út af veitingastaðnum. Þá kvað ákærða það vera rétt um tvö ár síðan atvikið átti sér stað og því myndi hún aðeins megindrætti atburðarins. Aðspurð kvaðst ákærða ekki hafa veitt því athygli hvar fótur hennar lenti við sparkið og kvaðst ekki muna til þess að kærandi hefði hnigið niður í kjölfarið. Sagðist ákærða aðspurð hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld og minnti að hún hefði verið búin að drekka 3–4 áfenga drykki. Sagðist ákærða ekki hafa þekkt kæranda en vinkona hennar, E, hefði verið að kynna sig fyrst fyrir honum umrætt kvöld. Aðspurð kvað ákærða sig vera nokkuð vissu um að a.m.k. hún, kærandi, A, S og E hefðu farið út af veitingastaðnum í kjölfarið á atvikinu. Nánar aðspurð, kvaðst hún ekki muna það nákvæmlega hvort kæranda og E hefði verið hent út um leið og henni en kvaðst a.m.k. muna eftir þeim fyrir utan um svipað leyti og henni hefði verið hent út. Kvað ákærða sig hafa verið lítillega marða eftir kæranda, aukinheldur sem kærandi hefði ráðist á sig kvöldið eftir umrætt atvik

og hefði ákærða þá fengið áverka í andliti eftir hann. Aðspurð kvað ákærða kæranda hafa ráðist á sig kvöldið eftir umrætt atvik vegna þess sem gerst hafði kvöldið áður. Þá var borin undir ákærðu uppdráttur af vettvangi og staðsetti ákærða atvikið á uppdrættinum. Sagði ákærða mikið af fólki hafa verið á veitingastaðnum umrætt kvöld enda þjóðhátíð hafin. Kvaðst ákærða ekki hafa orðið vör við dyraverði í innri sal veitingastaðarins, þar sem atvikið átti sér stað, umrætt kvöld, en kvað líklega um 20 manns hafa verið í innri salnum. Nánar aðspurð kvaðst ákærða hafa fengið mar eftir hönd kæranda neðarlega á hálsinum eftir að hann ýtti henni upp að veggnum. Kvað ákærða sig hafa verið mjög hrædda við kæranda umrætt sinn og vera það enn. Sagðist ákærða hafa fengið köfnunartilfinningu þegar hann hefði ýtt henni upp að veggnum og gætu vitnin H og A líklega borið vætti um áverkana. Aðspurð kvaðst ákærða mótmæla því að hún hefði verið á támjóum skóm í umrætt sinn, heldur kvaðst hún hafa verið í gúmmítúttum. Kvað ákærða aðstæður sínar nú vera þær að hún hefði eignast barn í ágúst 2006 eða rétt um ári eftir atvikið. Aðspurð um tengslin í hópnum kvað ákærða E, fyrrverandi unnustu kæranda, vera kunningja sinn. Þá kvað hún A vera bestu vinkonu E en H vera góða vinkonu sína.

Kærandi skýrði svo frá fyrir dómi að hann myndi atvik ekki vel vegna þess langa tíma sem liðinn væri frá atvikinu, og verða fyrir vikið aðallega að vísa til lögregluskýrslu. Sagðist kærandi ekki muna hvernig þetta byrjaði en minnti að honum og ákærðu hefði lent eitthvað saman. Kvað hann þetta hafa endað með því að hann hefði fengið spark í klofið en hann minnti að það hefði allt verið orðið vitlaust þarna inni á veitingastaðnum, dyraverðir hefðu m.a. verið komnir til að skakka leikinn. Þá kvaðst hann minna að hann hefði gengið á milli fyrrverandi kærustu sinnar, E, og ákærðu, X, og þá hefði hann fengið sparkið. Sagðist hann halda að stelpa, sem hefði verið í hópnum, hefði verið búin að yta í fótinn á honum, þegar hann fékk hnésark í klofið, og því hefði hann verið svo berskjaldaður þegar hann hefði fengið höggið. Aðspurður kvað kærandi ákærðu hafa sparkað í sig. Kvaðst hann ekki muna svo gjörlla viðbrögð sín eftir höggið en halda að það hefði dregið nokkuð úr sér og hann misst andann. Minnti hann að atvikið hefði gerst aftarlega inni á veitingastaðnum, sem hann mundi ekki hvað hét. Neitaði kærandi staðfastlega að hafa lagt hendur í kverkar ákærðu. Aðspurður sagðist hann hafa hitt ákærðu síðar um helgina og lagt að henni að biðjast afsökunar en hún ekki viljað það og því hefði hann afráðið að kæra atvikið til lögreglu. Kvað kærandi að þegar hann hefði beðið ákærðu að biðja sig afsökunar hefði hún hrækt framan í sig og við það hefði allt orðið vitlaust. Þá hefði tveim vinalögum lent saman og allt hefði logað í átökum, auk þess sem fleiri virtust hafa tekið þátt. Aðspurður sagðist kærandi hafa verið með umbúðir á hægri hendinni og því hefði hann ekki getað slegið til ákærðu, síðar um helgina, eins og hún hefði haldið fram. Nánar aðspurður sagði kærandi ákærðu og S hafa staðið báðar fyrir framan sig þegar sparkað hefði verið í klofið á sér. Sagðist hann þó vera viss um að það hefði verið ákærða sem hefði sparkað í klop sér en ekki H, þar sem hún hefði sparkað í fótinn á sér og ákærða svo í klofið á sér. Aðspurður kvað hann klofsparkið vel geta hafa gerst óvart, þrátt fyrir talsvert högg. Árétaði kærandi að höggið hefði vel getað hafa verið slys en hann kvað ákærðu þó aldrei hafa beðist afsökunar, heldur sagt hann hafa átt það skilið og því hefði hann lagt fram kæru. Þá kvaðst hann hafa fengið nýrnasteina en ekki verið með króníska blöðruhálskirtilsbólgu eins og komi fram í læknavottorði. Kvað hann það vel geta verið að hann hafi verið búinn að ná sér á innan við þrem vikum.

Vitnið E, fyrrverandi kærasta kæranda skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi verið undir miklum áhrifum áfengis og fíkniefna í umrætt sinn og kvaðst því lítið muna frá kvöldinu. Sagði vitnið sig og ákærðu hafa verið farin að slást og hefði kærandi gengið á milli með þeim afleiðingum að sparkað hefði verið í klofið á honum. Sagðist vitnið ekki hafa séð sparkið nákvæmlega en kvaðst muna að ákærða hefði sparkað í hann. Sagði vitnið slagsmálin hafa hætt í kjölfarið og hefði það og kærandi farið upp á heilsugæslu en andlegt ástand hans hefði verið lélegt. Einnig hefði hann kvartað um einhverja verki að því er hana minnti. Aðspurt kvað vitnið sig ekki muna með hvaða hætti kærandi hefði blandað sér í slagsmálin en hann hefði a.m.k. verið með læti og minnti vitnið að hann hefði eitthvað tekið í ákærðu og ýtt henni frá. Aðspurt kvað vitnið sig minna að árásarþoli hefði einnig verið undir áhrifum efna í umrætt sinn og hefðu þau aðallega verið að nota „læknadópur“. Aðspurt kvað vitnið sig og ákærðu hafa slegið til hvorrar annarrar og sagði vitnið sig ekki muna hvort kærandi hefði reynt að stöðva þær eða hvort hann hefði ráðist á ákærðu. Kvað vitnið það hafa alveg geta verið en kvaðst ekki muna það vel. Þá staðsetti vitnið atburðinn á uppdrætti sem lagður var fyrir það. Aðspurt kvað vitnið sig muna að kærandi hefði fært ákærðu upp að veggnum í salnum með hálstaki en kvaðst ekki muna hvort hann hefði haldið ákærðu upp að veggnum. Þá kvaðst vitnið ekki muna til þess að vinkonur þess A og S hefðu tekið nokkurn þátt í slagsmálunum. Sagðist vitnið reka minni til þess að það, ásamt kæranda, hefði leitað ákærðu til að fá afsökunarbeiðni hennar en ekki fengið og þá hóttað henni að kæra atburðinn. Sagði vitnið sig og kæranda hafa átt jafnan hlut í atvikinu og ákærðu, svona eftir á að hyggja. Nánar aðspurt út í lögregluskýrslu, dagsetta 2. ágúst 2005, þar sem vitnið segir ákærðu hafa gengið að kæranda og sparkað í klof hans. Sagði vitnið það vera rangt að ákærða hefði gengið að kæranda, þar sem hann hefði haldið ákærðu upp að vegg þegar hann skyndilega fer í keng en vitnið kvaðst ekki hafa séð sjálft sparkið. Þá sagðist vitnið halda að ákærða hefði einfaldlega verið að reyna að verja sig fyrir árás kæranda. Aðspurt kvað vitnið sig vera kunningja ákærðu. Jafnframt kvaðst vitnið vera barnsmóðir kæranda síðan í maí 2006 og væri sambandið milli þeirra ágætt.

Vitnið A skýrði svo frá fyrir dómi að langt væri liðið frá atburðinum en kvaðst þó muna atvik nokkuð vel þar sem það hefði ekki verið svo ölvað í umrætt sinn. Kvað vitnið ákærðu og vitnið E hafa farið að slást í kjölfar orðaskaks sem vitnið kvaðst hafa reynt að stöðva með orðum. Þá hefði kærandi gengið á milli þeirra og tekið ákærðu hálstaki en þær hefðu í raun enn verið að slást þó hann hefði verið búinn að taka ákærðu hálstaki. Í látunum hefði ákærða sparkað í kæranda sem hefði endað í klofinu á honum og hefði hann sleppt henni í kjölfarið. Sagði vitnið það ólíklegt að ákærða hefði ætlað að sparka í klof kæranda, heldur hefði það verið óhappatilvik og hluti af slagsmálunum. Kvaðst vitnið hafa hitt kæranda og vitnið E á leið þeirra af sjúkrahúsinu og hefðu þau tjáð vitninu að kæranda hefði verið ráðlagt að fara heim til að sýking kæmist ekki í klof hans. Þegar vitnið hefði bent þeim á að auðvelt væri að fá far með Herjólfri heim á laugardeginum, þá hefðu þau sagst ekki ætla heim heldur ætla að hefna sín á ákærðu. Sagðist vitnið hafa bent kæranda á að hann væri þritugur og ákærða tæplega tvítug, hefði hann engu að síður sagst ætla að hefna sín á henni. Vitnið sagðist hafa sagt ákærðu frá því sem kærandi og vitnið E hefðu sagst ætla að gera. Nánar aðspurt um hvort vitnið hefði séð þegar ákærða hefði sparkað í klof kæranda, þá kvaðst vitnið bæði hafa verið að fylgjast með ákærðu og vitninu E en kvaðst hafa séð sparkið en ekki hvar það hefði nákvæmlega lent. Þá var lagður fyrir vitnið uppdráttur af veitingastaðnum og

staðsetti vitnið atburðinn á uppdrættinum. Undir vitnið var borin lögregluskýrsla sem tekin var af því þann 24. október 2005, þar sem vitnið segir mál hafa atvikast þannig að kærandi hafi fengið fót ákærðu í punginn í vörn hennar. Sagðist vitnið staðfesta að það hefði séð ákærðu sparka en ekki hvar fóturinn á henni hefði lent og kvaðst vitnið telja að þar hefði ekki verið um ásetning að ræða, að sparka í klof kæranda. Þá sagðist vitnið ekki muna til þess að aðrir hefðu tekið þátt í slagsmálunum. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð áverka á hálsi ákærðu enda hefði það ekki skoðað það sérstaklega. Sagði vitnið sig telja umrætt spark hafa verið í sjálfsvörn og það hafa vel geta verið að kærandi hefði fengið hné ákærðu í sig.

Vitnið H skýrði svo frá fyrir dómi að langt væri um liðið síðan atvikið átti sér stað og því ekki muna það svo vel. Sagði vitnið deilur milli ákærðu og vitnisins E hafa leitt til þess að kærandi hefði tekið ákærðu hálstaki með því að þrýsta henni upp við vegg og lyfta henni upp. Kvaðst vitnið telja sig hafa séð hvar ákærða náði ekki andanum vegna hálstaksins. Sagðist vitnið sjá hvar ákærða sparkar frá sér og það lendi í klofi kæranda. Kvað vitnið kæranda hafa orðið brjáláðan í kjölfarið og kvað hann hafa leitað ákærðu alla þjóðhátíðina. Sagðist vitnið halda að kærandi hefði haldið ákærðu með hálstaki í um 10 – 15 sekúndur áður en ákærða hefði sparkað frá sér. Þá kvaðst vitnið hafa verið nokkuð ölvað í umrætt sinn en kvaðst muna til þess að í kjölfar atburðarins hefði það verið hrætt við kæranda alla þjóðhátíðina, þar sem hann hefði verið í vægast sagt slæmu ástandi vegna drykkju og neyslu lyfja. Sagðist vitnið telja að um sjálfsvörn hefði verið að ræða af hálfu ákærðu enda væri slíkt spark það fyrsta sem stelpur gerðu ef strákar réðust á þær að þess mati. Kvaðst vitnið hafa séð hvar ákærða hefði orðið eldrauð í framan við hálstakið og kvaðst hafa haldið að kærandi myndi drepa hana ef fram héldi sem horfði. Þá sagðist vitnið vera ágæt vinkona ákærðu. Nánar aðspurt sagði vitnið kæranda hafa tekið um miðjan háls ákærðu. Sagðist vitnið aðspurt hafa séð hvar ákærða reyndi í fyrstu að losa um hendur hans áður en hún hefði sparkað til hans. Sagðist vitnið ekki geta sagt til um hvort ákærða hefði sparkað í kæranda með hnénu eða fætinum. Þá kvaðst vitnið aðspurt halda að ákærða hefði ekki ætlað að sparka í klof hans heldur hefði það verið óvart að fóturinn á henni hefði lent þar enda hefði hún verið að reyna losa sig undan hálstakinu. Staðfesti vitnið á uppdrætti af veitingastaðnum hvar atvikið hefði átt sér stað.

Þá kom ákærða aftur fyrir dóminn. Aðspurð um vitnisburð kæranda þar sem hann segir hana hafa svarað honum því til að henni hefði verið nákvæmlega sama um að hún hefði sparkað í klof hans, kvað ákærða það ekki vera rétt. Jafnframt neitaði ákærða því að hafa sagt við árárþola að hún myndi hafa sparkað aftur í klof hans ef með þyrfti. Þá kvað ákærða það vera rétt sem fram hefði komið hjá vitnum um að hún hefði verið mjög hrædd við kæranda í kjölfar atburðarins.

## **Niðurstaða.**

Í máli þessu er ekki ágreiningur um aðdraganda málsins en málsaðilum ber saman um að kærandi hefði skyndilega blandað sér í deilur milli vitnisins E og ákærðu. Þykir dómnum sannað með vætti vitnanna E, A og H sem styðja framburð ákærðu að kærandi hafi tekið um háls hennar, fært hana upp að nærliggjandi vegg og haldið henni þar svo þrengdi verulega að öndunarvegi hennar. Vitnin E og A

hafa borið svo fyrir dómi að þær hafi ekki orðið vitni að því hvar fótur ákærðu lenti í kæranda, í viðleitni sinni að losa sig frá honum. Vitnið H kvaðst hafa séð hvar fótur ákærðu lenti í klofi kæranda en taldi það hafa ráðið hendingu einni hvar fóturinn lenti, þar sem ákærða hefði verið að brjótast um. Þá hefur kærandi borið að ákærða hefði sparkað í klof sér með fyrrgreindum afleiðingum. Þegar framangreindur vitnisburður er borinn saman má ljóst vera að fótur ákærðu hafi lent í klofi kæranda umrætt sinn. Kemur því næst til skoðunar huglæg afstaða ákærðu til sparksins. Ákærða hefur frá upphafi rannsóknar staðfastlega haldið því fram að hún hafi sparkað frá sér í þeirri viðleitni sinni að losa sig undan hálstaki kæranda en ætlunin hafi ekki verið að sparka í klof hans. Staðfesti ákærða framburð sinn fyrir lögreglu í skýrslu fyrir dómi. Hafa vitnin E, A og H borið fyrir dómi að ákærða virtist hafa sparkað þannig frá sér að hending ein réði því hvar fótur hennar lenti í kæranda umrætt sinn. Þá hefur kærandi sjálfur sagt það vel kunna að vera að ákærða hefði ekki ætlað að sparka í klof hans, heldur hafi það verið óhappatilvik að fótur hennar hefði lent á fyrrgreindum stað. Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn ósannað að fyrir ákærðu hafi vakað að sparka í klof kæranda, heldur hafi verið um að ræða ósjálfráð viðbrögð af hennar hálfu við hálstaki kæranda. Áverkar kæranda voru slíkir sem í 217. gr. almennra hegningarlaga greinir, en ekki er unnt að refsa fyrir brot gegn þeirri lagagrein sem framið er af gáleysi, sbr. 219. gr. sömu laga. Verður ákærða því sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Rannsókn máls þessa lauk þann 21. febrúar 2006 og var ákæra gefin út þann 21. mars 2007. Hefur þessi dráttur á málsmeðferðinni ekki verið skýrður á viðhlítandi hátt og verður að átelja hann.

Samkvæmt greindri niðurstöðu ber að vísa bótakröfu B frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála. Jafnframt ber samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laganna að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð. Til hans telst útlagður kostnaður að fjárhæð 7.500 krónur vegna öflunar læknisvottorðs og málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu fyrir dómi. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda þykja laun hans hæfilega ákveðin 284.856 að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar að fjárhæð 17.250 krónur.

Karl Gauti Hjaltason sýslumaður flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Hjörtur O. Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan en dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarsins.

## **D ó m s o r ð**

Ákærða, X, er sýkn sakar.

Bótakröfu B er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn 7.500 króna kostnaður vegna öflunar læknisvottorðs, 284.856 króna málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns að meðtöldum virðisaukaskatti, auk ferðakostnaðar að fjárhæð 17.250 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.